

## Samskeytalaust útiefni - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA Úti er fallett samskeytalaust yfirborðsefni sem samanstendur af marmara eða kvasi og tveggja þátta fjölliðu efni. ULTRA Úti er lagt í 5-12mm þykkt. Efnið er lagt beint á steinsteypu eða á þjappaðan jarðveg með plastgrindum (Ecoraster) fylltum þurrum mulningi. Oft er sett hitalögn undir grindurnar og helst þá pallurinn/stéttin hálkufri.

### Kostir:


Helstu kostir ULTRA Úti eru, að það er fljótlegt að leggja það, niðsterkt, með sléttri áferð (gropinni). Það hefur yfirborð sem er gott að ganga á, það er hálkufri. ULTRA Úti er lagt samskeytalaust en gefur þó mikla möguleika í hönnun þar sem efnið fæst í mismunandi kornakúrfum og litum og er því auðvelt að skipta milli lita. Efnið er hagkvæmt í þrifum og hentar vel þar sem þörf er á slitsterku yfirborðsefni með frábæra eiginleika.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA Úti eru Sólþallar, stéttar og víðar. Hægt er að fá ULTRA Úti í fjölda lita-samsetninga.

### Eiginleikar:

Togþol	Meira en steypu.
Efnaþol	Leitið upplýsinga.
Brunaþol	Class G (SS 02 48 25)



### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 1 dagur
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA Úti skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.